

Varðliðar umhverfisins 2009

Boðað er til verkefnasamkeppni um umhverfismál á meðal grunnskólabarna í 5. til 10. bekk. Keppnin kallast Varðliðar umhverfisins og var haldin í fyrsta skipti vorið 2007. Það eru umhverfisráðuneytið, Landvernd og Náttúruskóli Reykjavíkur sem standa að keppninni.

Skilafrestur

Skilafrestur verkefna er til 27. mars 2009 og þau skal senda umhverfisráðuneytinu, Skuggasundi 1, 150 Reykjavík, merkt „Varðliðar umhverfisins“. Dómnefnd skipuð fulltrúum umhverfisráðuneytisins, Landverndar og Náttúruskóla Reykjavíkur velur bestu verkefni fyrir Dag umhverfisins 25. apríl 2009. Allir þátttakendur fá viðurkenningarskjal og valin verkefni verða verðlaunuð.

Markmið

Markmið keppinnar er að hvetja ungt fólk til góðra verka í umhverfisvernd, vekja athygli á sýn ungs fólks á umhverfismál og kalla eftir leiðsögn yngri kynslóðarinnar á því sviði.

Verkefni

Verkefni mega vera af fjölbreyttum toga, t.d. ritgerðir, ljósmyndir, ljóð, veggspjöld, bæklingar, myndbönd og hljóðverk. Í stuttu máli er fólk frjálst að skila inn verkefnum í hvaða formi sem er svo lengi sem umfjöllunarefni þeirra eru umhverfismál í víðum skilningi þess orðs. Þátttakendur geta í verkefnum sínum fjallað um umhverfismál í sínu nánasta umhverfi, á landsvísu eða heimsvísu. Umfjöllunarefnið getur t.d. verið loftslagsbreytingar, röskun eða verndun búsvæða, jarðvegseyðing, endurheimt vistkerfa, verndun náttúruauðlinda, endurvinnsla og endurnýting úrgangs.

Athygli er vakin á því að verkefni þurfa ekki að vera unnin sérstaklega fyrir samkeppnina heldur er vonast til að hún geti gefið nemendum og kennurum tækifæri til að koma á framfæri verkefnum sem þegar hafa verið unnin í skólum.

Tengiliðir

Hægt er að óska eftir nánari upplýsingum um keppnina með tölvupósti til:

Guðmundar Harðar Guðmundssonar – guðmundur.hordur.gudmundsson@umhverfisraduneyti.is

Helenu Óladóttur – helena.oladottir@reykjavik.is

Orra Páls Jóhannssonar – orripall@landvernd.is

Varðliðar umhverfisins 2008

Í fyrra voru nemendur úr Lýsuhólsskóla og Fossvogsskóla útnefndir varðliðar umhverfisins við athöfn í Perlunni á Degi umhverfisins.

Karen Hjartardóttir, nemandi í 10. bekk Lýsuhólsskóla á Snæfellsnesi, bjó til Grænfánaspilið. Spilið leiðir fólk í gegnum ýmis umhverfisverkefni á skemmtilegan hátt og markmiðið er að flagga Grænfánum, alþjóðlegri umhverfisviðurkenningu skóla.



Verkefni Fossvogsskóla fjallaði um veggjakrot og umgengni í skólahverfinu og var unnið af nemendum í 5., 6. og 7. bekk Fossvogsskóla. Í verkefninu var tekið á umgengismálum í hverfinu með aðstoð nemenda. Nemendur kortlögðu veggjakrot í hverfinu, skemmdarverk alls konar og slæma umgengni. Reiknaður var

út kostnaður við að mála yfir veggjakrot í hverfinu og það tjón sem hverfið verður fyrir sökum þessa. Unnin voru póstkort úr endurunnu efni og á þau skrifuð ýmis konar slagorð tengd góðri umgengni við náttúruna og nánasta umhverfi. Póstkortin voru svo borin út til íbúa í skólahverfinu.

Varðliðar 2007

Árið 2007 voru fjórir hópar útnefndir varðliðar umhverfisins.

Nemendur í bekk 53 í Hólabrekkuskóla söfnuðu ruslpósti heima hjá sér í fjórar vikur og komu með í skólann. Þeir margfölduðu svo meðaltal þess sem barst þeim með fjölda heimila á Íslandi. Nemendurnir komust m.a. að því að ruslpóstur sem berst inn á heimili Íslendinga á ári er nærri því jafn mikill að rúmmáli og blokk í nágrenni skólans og u.þ.b. jafn þungur og 14 strætisvagnar. Krakkarnir kynntu verkefnið á Umhverfisþingi 2007 fyrir framan 350 áhorfendur.

Nemendur í Grunnskóla Tálknafjarðar bjuggu til skilti sem voru sett upp við skólann og víða um bæinn. Nemendur sömdu í sameiningu hentug slagorð á spjöldin. Þá var gerður umhverfissáttmáli milli nemenda og starfsfólks skólans og íbúa Tálknafjarðar. Sáttmálinn var settur á tvö spjöld og íbúar rituðu nöfn sín á spjöldin sem síðan voru hengd upp á hreppsskrifstofunni og í skólanum.

Nemendur í Álftamýrarskóla gerðu viðhorfskönnun í Kringlunni. Í könnuninni var m.a. spurt hvort fólk flokki rusl, hvort það hendi rusli á víðavangi og hvort það væri nægilega mikið af ruslatunnum á götum borgarinnar. Síðara verkefnið hét *Við eigum aðeins eina jörð*. Í því var fjallað um hvað einstaklingurinn getur gert til að bæta umhverfið, m.a. með bættum innkaupum, endurvinnslu og endurnýtingu.

Nemendur í stafrænu ljósmyndavali 10. bekkjar í Foldaskóla hönnuðu veggspjöld til að vekja fólk til umhugsunar um umhverfið.

Nemendur Lýsuhólsskóla fengur viðurkenninguna fyrir vinnu að gerð göngustígs í Kambsskarði og fyrir gerð Stubbalækjarvirkjunar. Markmið þess verkefnis var nýting endurnýjanlegrar orku í umhverfi skólans og lífræn ræktun í gróðurhúsi og matjurtagarði.

